

2014-2015

# Lestur er lífsins leikur



Ársskýrsla stýrihóps um læsi  
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Ágúst 2015



# Ársskýrsla

Stýrihópur um læsi var skipaður af sviðsstjóra fræðsluþjónustu í júní 2014 í kjölfar samþykktar á [302. fundi fræðsluráðs þann 5. maí](#) sama ár um sérstakar aðgerðir í læsismálum í Hafnarfirði sem voru lagðar fram stuttu áður (sjá fylgiskjal 1). Stýrihópurinn var skipaður þremur starfsmönnum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu og þróunarfulltrúar leik- og grunnskóla) og tveimur skólastjórum (Ásta María Björnsdóttir, Hvammi og Valdimar Víðsson, Öldutúnsskóla), einum af hvoru skólastigi. Stýrihópurinn fékk erindisbréf frá sviðsstjóra til að starfa eftir (sjá fylgiskjal 2). Fyrir skólaárið 2014-2015 voru ráðnir tveir verkefnisstjórar í 30% stöðuhlutfalli hvor fyrir sig til að starfa með stýrihópnum. Verkefnisstjórar voru ráðnir talmeinafræðingar á Skólaskrifstofunni, þær Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir sem báru hitann og þungann af verkefnum stýrihópsins þetta skólaár. Eiríkur Þorvarðarson stýrði stýrihópnum þetta fyrsta skólaár.

Stýrihópurinn hittist í fyrsta skipti í júní 2014 en verkefni hans hófust fyrir alvöru um haustið þegar reglulegir fundir hófust og verkefnastjórar voru ráðnir. Fram til júní 2015 hélt stýrihópurinn 34 fundi og voru skráðar sérstakar fundargerðir fyrir þá sem ritari stýrihópsins annaðist. Sú vinnuregla var einnig gerð á miðju skólaárinu að allar fundargerðir voru sendar í drögum til stýrihóps og verkefnastjóra til athugasemda áður en þær töldust samþykktar. Meginverkefni stýrihópsins þetta ár voru nokkur sem skal getið hér:

1. **Málþing um læsi í febrúar 2015.** Það var hluti af tillögum sem stýrihópurinn fékk var að setja í gang hvatningarverkefni til að minna á mikilvægi læsis í skólastarfi leik- og grunnskóla. Eftir miklar umræður og samræður innan og utan hóps varð niðurstaðan að halda málþing um læsi. Ákveðið var að halda það miðvikudaginn 25. febrúar 2015 undir heitinu LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR en þann dag var skipulagsdagur í leik- og grunnskólum bæjarins. Málþingið var haldið á Hilton Hótel Nordica í öllum ráðstefnusölum þess eða alls fjórum sölum. Til málþingsins voru boðaðir starfsmenn leik- og grunnskóla í Hafnarfirði. Áætlað er að málþingsgestir hafi verið nálægt 900. Uppbygging málþingsins var með því móti að það hófst með tveimur sameiginlegum fyrirlestrum en málþinginu var síðan skipt upp í fjögur þemu. Það var mat stýrihópsins að málþingið hefði tekist vel þrátt fyrir ófærð þennan dag. Handbækur með öllum glærुकyningum allra fyrirlesara voru gefnar út í rafrænni útgáfu og dreift í gegnum [vef bæjarins](#) auk þess sem aðalfyrirlestrar voru teknir upp og hægt að [horfa/hlusta á þá](#). Dagskrá málþingsins má sjá í fylgiskjali 3 og í ítarútgáfu á [vefnum](#).
2. **Læsisáherslan *Lestur er lífsins leikur*.** Stýrihópnum þótt mikilvægt að leggja ákveðnar línur eða áherslur í læsismálum leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar sem heildarstefnumótun (stefna, aðgerðaráætlun, verklag og vinnubrögð) í þeim málaflokki. Niðurstaðan var plaggið ***Lestur er lífsins leikur*** sem stýrihópurinn bar ábyrgð á og var unnið í nánú samstarfi við skólana. Plaggið var í vinnslu í mest allan vetur en var loks gefið út og prentað í 7000 eintökum í júní 2015. Ætlunin er að dreifa því til starfsfólks skólanna haustið 2015 og foreldrum í framhaldi þess. Læsisáhersluna sjálfa má sjá sem fylgiskjal 4 hér aftar eða á [bæjarvefnum](#).
3. **Samstarf við skólana – tengiliðafundir.** Komið var á samstarfi við alla leik- og grunnskóla bæjarins með reglulegum samráðsfundum. Fundir voru haldnir mánaðarlega eða alls sjö fundir á skólaárinu 2014-2015. Með samráðsfundum var unnið að því að fá fram samvinnu um læsisáherslur skólanna og vera með fræðslu um læsi og skólastarf á báðum skólastigum. Með tengiliðafundum gafst einnig möguleiki á auknu samráði milli skólastiganna í skólum Hafnarfjarðar. Tengiliðasamstarfið gekk vel og var ánægja með þá framkvæmd sem gefur til kynna að áframhald á slíku samstarfi sé mikilvægt.

4. **Styrkleika- og veikleikasamantekt.** Unnin var sérstök samantekt um veikleika og styrkleika í lestrarkennslu í leik- og grunnskólum bæjarins. Jafnframt fékk hver leikskóli sérstakar ráðleggingar um bætt vinnulag í lestrarundirbúningi. Greininguna má finna á [bæjarvefnum](#).
5. **Önnur verkefni.** Stýrihópurinn hafði verkefnalista til viðmiðunar sem hann vann eftir. Margt ávannst af þeim á þessu skólaári en sumt komst ekki í gagnið á þessu fyrsta ári, t.d. lestrarvefur sem stefnt var að. Þá er eftir aukin fræðsla til starfsfólks skólanna og foreldra um læsismálefni. Sömuleiðis hélt stýrihópurinn utan um þær læsismælingar sem þegar voru í gangi (HLJÓM-2 fyrir 5 ára og Leið til læsis fyrir 6 ára nemendur – haustskimun) og vann samantekt úr þeim sem m.a. var kynnt í fræðsluráði. Þá var aukin fræðsla til kennara um lestur, m.a. haldið sérstakt námskeið fyrir hafnfirski kennara um PALS (Pör að læra saman). Þá var aukin fræðsla til kennara um lestrarkennslu og notkun mælitækja í lestrarmati (Leið til læsis, LOGOS, framburðarmat o.þ.h.).

Samhliða verkefnum læsisstýrihópsins var sú ákvörðun tekin af bæjarstjóra/fræðsluráði Hafnarfjarðar að gera úttekt á stöðu læsismála í bænum og gera tillögur að verkefni „um bættan námsárangur“ í leik- og grunnskólum bæjarins með áherslu á læsi og stærðfræði. Til verksins var ráðgjafafyrirtækið **Skólastofan ehf** fengin undir forystu dr. Ingvars Sigurgeirssonar. Skýrsla um verkefnið kom út í júní 2015 og má finna hana tengda við fundargerð [327. fundar fræðsluráðs Hafnarfjarðar](#) frá 15. júní 2015 á [hafnarfjordur.is](#).

Nú í byrjun skólaársins 2015-2016 er óljóst með ákvarðarnir og frekari framkvæmd verkefnisins fyrir skólaárið þótt læsisáherslan sé skýr. Þetta er óljóst í stöðunni:

- A. Hvort samhæfa eigi læsisverkefni og stærðfræðiverkefni, t.d. hvort sami stýrihópur eigi að stýra báðum verkefnum skólaárið 2015-2016? Breyta stýrihópi vegna breytt skipurits Skólaskrifstofu og/eða breytt verkefnis?
- B. Hvaða fjármagn er til innleiðingu á verkefninu (læsi og stærðfræði) skólaárið 2015-2016, hvort heldur til stýrihóps/-a (verkefnisstjórn, fræðsla o.þ.h.) eða til skólanna (verkefnisstjórn, mælingar/skimanir o.þ.h.)?
- C. Skal búa til tengiliðahóp fyrir stærðfræðiverkefnið líkt og læsisverkefnið? Hafa þann sama fyrir hvort tveggja eða hafa tvo tengiliðahópa?
- D. Hverjar skuli vera áherslur í „sambættu“ læsis- og stærðfræðiverkefni skólaárið 2015-2016?
- E. Hvernig eigi að fylgja eftir aðgerðarluta læsisverkefnisins skólaárið 2015-2016 eins og stefnt var að?

Það er mat stýrihópsins að verkefnið hafi komist vel áfram þetta fyrsta starfsár. Verkefni sem unnin voru tókust vel og ekki vitað um annað en að skólasamfélagið hafi verið sátt um þá framkvæmd á verkefninu sem unnin var í vetur. Stýrihópurinn var virkur líkt og sjá má af þeim fjölda funda sem hann hélt á einu skólaári.

Samkvæmt lestraráherslunni LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR er stefnt að því að aðgerðahlutinn taki gildi frá hausti 2015. Útfærsla á innleiðingunni er óljós ennþá fyrir skólaárið 2015-2016 enn sem komið er, þ.e. verkefnið fer að fullu í gang en framkvæmdin í því að styðja við skólana er ekki að fullu mótuð enn sem komið er.

Að lokum vill stýrihópur læsisverkefnis þakka sérstaklega verkefnisstjórunum, Ásthildi og Bjartey, fyrir óeigingjarnt framlag þeirra til verkefnisins þetta fyrsta skólaár.

Hafnarfirði 18. ágúst 2015.

  
Vigfús Hallgrímsson, ritari stýrihópsins.

**Tillögur að aðgerðaráætlun – Læsi í Hafnarfirði**

1. Skipaður verði stýrihópur sem heldur utan um áframhaldandi vinnu og þróun læsisstefnu í Hafnarfirði. Í honum verði 3 fulltrúar frá skólaskrifstofu, einn fulltrúi skipaður af skólastjórum grunnskóla og einn fulltrúi skipaður af skólastjórum leikskóla. Stýrihópur taki sem fyrst til starfa.
2. Markmið stýrihóps : Að unnin verði heildstæð læsisstefna fyrir leik- og grunnskóla í Hafnarfirði.
3. Að sett verði fram mælanleg markmið um hvaða árangur við viljum sjá af starfinu t.d eftir 1 ár, 3 ár, 5 ár. Lögð verði áhersla á samræmdar reglulegar aldurstengdar skimanir í lestri í grunnskólum Hafnarfjarðar.
4. Hver skóli móti sína eigin læsisstefnu sem taki mið af sameiginlegri og heildstæðri læsisstefnu Hafnarfjarðar (sbr. lið 2) og skili henni inn fyrir ákveðna dagsetningu. Í hverjum leik og grunnskóla verði stofnaður stýrihópur sem ber ábyrgð á faglegri vinnu á læsi innan hvers skóla.
5. Markmið í leikskólum taki mið af því að bæta málþroska, hljóðkerfisvitund/hljóðavitund og stafabekkingu nemenda. Markmið í grunnskólum taki mið af því að allir nemendur fái daglega lestrarþjálfun upp allan grunnskólann. Komið verði til móts við einstaklinga þar sem þeir standa og markvisst unnið að því að forðast afturvirkir rof.
6. Unnin verði handbók sem allir skólar/kennarar fái afhent. Í handbókinni verði m.a.:
  - a. Heildstæð læsisstefna fyrir grunn- og leikskóla í Hafnarfirði.
  - b. Lestrarviðmið fyrir alla árganga grunnskóla.
  - c. Tiltekið hversu oft skuli mæla lestrarfærni (lesfimi – lesskilningur) og skima fyrir lestrarerfiðleikum.
  - d. Viðmið um hvenær sé þörf fyrir sérstaka íhlutun vegna frávika (grunnskóli).
  - e. Viðmið um hvenær sé þörf fyrir sérstaka íhlutun vegna frávika (leikskóli).
  - f. Yfirlit yfir þróun hljóðkerfisvitundar og stafabekkingar frá 4-6 ára.
  - g. Hugmyndir að því hvernig hægt er að virkja foreldra til samstarfs í læsismálum.
  - h. Verkferlar sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.
7. Sett verði upp vefsíða fyrir Læsi í Hafnarfirði. Þar verði safnað saman ýmsum grunnupplýsingum, fræðslufni fyrir foreldra og kennara, hugmyndabanki fyrir leik- og grunnskóla.
- A. Markviss fræðsla til foreldra um þróun málþroska, hljóðkerfisvitund, grunnþætti lesturs, lestur, lesskilning, málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar í gegnum leik. Fræðslan komi inn í gegnum þann skóla sem barnið dvelur í. Markviss fræðsla til kennara beggja skólastiga um þróun málþroska, hljóðkerfisvitund, grunnþætti lesturs, lestur, lesskilning, málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar í gegnum leik.
8. Leikskólar hugi sérstaklega að þeim börnum sem ekki sýna áhuga fyrir bókstöfum og / eða hafa frávik í hljóðkerfisvitund og veiti þeim þjálfun við hæfi. Sérstök áhersla verði lögð á börn sem eru sein til máls (Late Talkers) með snemmtækri íhlutun, ráðgjöf og eftirfylgd til foreldra. Hafnarfjörður verði „sjálfbær“ hvað varðar að geta haldið PALS/K-PALS -námskeið fyrir kennara í leik og grunnskólum bæjarins. Tveir kennarar af hvoru skólastigi fái styrk til að mennta sig sem PALS þjálfarar/námskeiðshaldarar eða í sambærilegum gagnreyndum aðferðum.
9. Gert verði átak í því að fá menntaða leikskólakennara til starfa í Hafnarfirði.
10. Jákvæðar fréttir af uppbyggilegu skólastarfi verði sendar fjölmiðlum reglulega.
11. Haustið 2014 verði átakanu ýtt úr vör með því að boðið verði upp á fjölda fyrirlestra og kynninga fyrir bæði skólastig. Fengnir verða fulltrúar frá skólum innan og utan Hafnarfjarðar sem hafa verið að skara fram úr á sviði læsi. Gagnreyndar kennsluáðferðir kynntar og hagnýtar leiðir við úrlausn verkefna.

f.h stýrihóps um læsi

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri/sálfræðingur

Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar



**HAFNARFJÖRÐUR**

## ERINDISBRÉF

### fyrir stýrihóp um læsisátak í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

1. Stýrihópur er skipaður fimm aðilum; þrír koma frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, þróunarfulltrúi leikskóla, þróunarfulltrúi grunnskóla og deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu. Auk þeirra einn fulltrúi skólustjóra leikskóla og einn fulltrúi skólustjóra grunnskóla.
2. Sviðsstjóri fræðsluþjónustu skipar formann stýrihópsins til eins árs sem er ábyrgur fyrir boðun funda og að halda utan um verkefni hópsins. Formennska færist árlega milli fulltrúa Skólaskrifstofu. Stýrihópurinn heldur fundargerðir yfir fundi sína og sendir sviðsstjóra.
3. Meginverkefni stýrihópsins er að fylgja eftir samþykkt fræðsluráðs um áttak í læsismálum í leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Í því felst meðal annars:
  - a. Að stýra læsisátakinu, kynna það í bæjarsamfélaginu og velja forgangsverkefni þess á hverjum tíma.
  - b. Að gera árlega tillögu til sviðsstjóra fræðsluþjónustu um fjármagn til læsisverkefnisins í fjárhagsáætlun bæjarins á komandi fjárhagsári og leita leiða til að afla sérstaks fjár til verkefnisins
  - c. Að leggja árlega, miðað við skólaárið, fram verkefnisáætlun fyrir verkefnið.
  - d. Að framfylgja samþykktum tillögum og leita leiða til að koma þeim í sem heppilegasta framkvæmd og sem fyrst.
  - e. Að leggja fram tillögur til sviðsstjóra fræðsluþjónustu um frekari verkefnastjórn til verkefnisins ef það er talið flýta fyrir heppilegri framkvæmd þess.
  - f. Að hafa sem víðtækast samráð við skólasamfélagið í leik- og grunnskólum bæjarins í allri framkvæmd verkefnisins.
4. Stýrihópurinn getur kallað eftir ráðgjöf og samstarfi innan bæjarins eftir því sem við á og kallað þá aðila til samráðs sem hann óskar eftir og telur að styðji við framkvæmd verkefnisins auk þess að setja á laggimar undirstarfhópa eftir því sem við á.
5. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn hefji nú þegar störf og starfi á meðan verkefnið er í gangi eða þar til annað verði ákveðið.

Hafnarfirði 16. júní 2014

  
 Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðsluþjónustu



# LESTUR

er lífsins leikur



# MÁLÞING

um lestrarundirbúning  
og lestrarnám fyrir starfsfólk  
leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar

25. febrúar 2015  
Hilton Hótel Nordica

## Dagskrá

- Kl. 8.30 *Setning Ávarp* Rósa Guðbjartsdóttir, formaður fræðsluráðs
- Kl. 8.45 *Ný sjónarhorn á nám og færniþróun*  
Dr. Hermundur Sigmundsson
- Kl. 9.30 *Málþroski og læsi leik- og grunnskólanemenda*  
Dr. Freyja Birgisdóttir
- Kl. 10.15 - 10.45 *Kaffihlé og kynningarbásar*
- Kl. 10.45 - 12.30 *Fjórar málstofur á sama tíma til að velja á milli.*  
(4 enndi, 20 mín. hvert í málstofu)

Stjórnandi málþings  
Ingibjörg Einarsdóttir,  
skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar



### MÁLSTOFA A

Lengi býr að fyrstu gerð

- málörvun/ lestrarundirbúningur  
í leikskólastarfi

#### Málstofuerindin:

*Orðaspjall - að efla orðaforða og  
hlustunarskilning barna með bóklestri*  
- Árdís Hrönn Jónsdóttir

*Leikskólalæsi í Kíðagili*  
- Agnes Bryndís Jóhannesdóttir  
- Inga Björk Gunnarsdóttir

*Með leikgleði lærum við*  
- Karen Valdimarsdóttir  
- Guðrún Sigurðardóttir

*Snemmtæk ihlutun í málörvun*  
- Berggrós Ólafsdóttir  
- Sigurður Sigurjónsson

### MÁLSTOFA B

Lestur er samvinnuverkefni

- lestrarnám á mörkum leik- og  
grunnskóla

#### Málstofuerindin:

*Helstu undirstöðubættir lestrar og  
þjálfun þeirra*  
- Helga Sigmundsdóttir

*Reynsla 1. bekkjarkennara af  
innleiðingu K-PALS*  
- C. Sólveig Ágústsdóttir

*Okkar mál - samstarfsverkefni frá  
leikskólajónarhorni*  
- Nichole Leigh Masty

*Leikur og læsi*  
- Fjóla Þorvaldsdóttir

### MÁLSTOFA C

Lestur er lífsins alvara

- lestrarnám í grunnskóla

#### Málstofuerindin:

*Leið til árangurs - kennsluúrræði og  
skipulagt foreldrasamstarf eftir að búið  
er að leggja fyrir Leið til læsis*  
- Helena Rafnsdóttir

*Getum við brúað bilið? Aðferðir til að efla  
lestrarnám nemenda*  
- Anna-Lind Pétursdóttir

*Lestur og leikur - einstaklingsmiðuð  
lestraræðsla fyrir 1. bekk.*  
- Herdís Rós Njálsdóttir

*PALS lestrarþjálfun í 2.-7. bekk*  
- Kristín Inga Guðmundsdóttir

### MÁLSTOFA D

Allir kennarar eru  
móðurmálskenningar

- lestrarnám í öllum námsgreinum

#### Málstofuerindin:

*Móðurmáls-/fislenskuþjálfun í öllum  
námsgreinum*  
- Viglús Hallgrímsson


*Lesi - til hvers?*  
- Ragnheiður Gestsdóttir

*Lestur allan grunnskólann-stuðningur við  
læsi eldri nemenda*  
- Drífa Gunnarsdóttir

*Læsi unglinga í Garðaskóla*  
- Guðný Þóra Friðriksdóttir







# LESTUR

## er lífsins leikur

### Tilgangur þess að efla læsi er að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju við lok grunnskólanáms.

Þeir verði virkir og skapandi málnotendur sem hafi fengið stuðning til þess á skólagöngu sinni frá leikskóla til loka grunnskóla. Nemendur fá jafnframt ítarleg kynni af fjölbreyttum möguleikum íslenskunnar í öllum námsgreinum með viðeigandi kennslu. Í skólastarfinu gefist þeim margvísleg tækifæri til að undirbúa og bæta lestrarhæfni sína í margs konar tjáningu á báðum skólastigum. Til að auðga líf nemenda sé þeim einnig gert fært að nýta sér fjölbreytileika tungumálsins og fá þannig aðgang að lestrarmenningu þjóðarinnar.

Lestrarhæfni nær til allra nemenda og er mikilvægt samfélagslegt verkefni. Frávik í lestri geta haft afgerandi áhrif á hegðun, líðan og námsframvindu. Þess vegna er mikilvægt að veita þeim sem standa höllum fæti sérstakan stuðning. Því eru sett viðmið um hvenær og hvernig grípa þurfi inn í og veita viðeigandi aðstoð. Slíkt felur í sér að margvísleg ábyrgð er lögð á sveitarfélagið, starfsfólk skóla og foreldra í að styðja við nemendur þannig að markmið í lestri náist. Í því ljósi eru sett fram viðmið um mælingar á lestrarhæfni (stefna) og lestraraðgerðir út frá sjónarmiðum um snemmtæka ihlutun (aðgerðaáætlun) með samhæft, faglegt skipulag (vinnulag og verklagsferlar) að leiðarljósi innan leik- og grunnskóla í Hafnarfirði. Markmiðið er að veita nemendum nægan stuðning þannig að allir öðlist fullnægjandi lestrarhæfni og fái næg tækifæri til að ná hámarksárangri í námi.



|           | 2;6 ára   |  | 3;0 ára  | 4;0 ára   |   |
|-----------|---|--|--|---|---|
|           | *Brigance   | *PEDS  | Orðaskil   | *Brigance   | *PEDS   |
| LEIKSKÓLI | - lesskilningur<br>- orðaforði  | Mikilvægar bakgrunnsupplýsingar.   | - lesskilningur<br>- orðaforði   | - lesskilningur<br>- orðaforði  | Mikilvægar bakgrunnsupplýsingar.  |
|           | Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu.  | Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu.   |  | Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu.  | Í tengslum við reglubundið eftirlit heilsugæslu.  |
|           | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.  |
|           | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu.   | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu.  | Foreldrar fylla út. Sérkennslustjóri metur niðurstöður.  | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu.   | Hjúkrunarfræðingur heilsugæslu.   |
|           | Barn yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs fær sérstuðning í skóla.  | Barn yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs fær sérstuðning í skóla.   | Ef barn mælist einu staðalfráviki eða meira undir í orðaforða og/eða setningagerð jafnaldra, þá er veitt viðeigandi íhlutun. | Barn yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs fær sérstuðning í skóla.  | Barn yfir áhættumörkum samkvæmt stöðlun prófs fær sérstuðning í skóla.  |
|           | Einstaklingsnámskrá.  | Einstaklingsnámskrá.   | Einstaklingsnámskrá.   | Einstaklingsnámskrá.  | Einstaklingsnámskrá.  |
|           | Frávik tilkynnt til Skólaskrifstofu.  | Frávik tilkynnt til Skólaskrifstofu.   | Niðurstöður með aðgerðaáætlun sendar Skólaskrifstofu á sérstöku formi tvisvar á ári (september og maí).                      | Frávik tilkynnt til Skólaskrifstofu.  | Frávik tilkynnt til Skólaskrifstofu.  |
|           | Aðgerðaáætlun send til Skólaskrifstofu innan þriggja mánaða frá því læknaþríf barst og yfirfarin eftir atvikum. | Einstaklingsáætlun send til Skólaskrifstofu innan þriggja mánaða frá því læknaþríf barst og yfirfarin eftir atvikum. |  | Aðgerðaáætlun send til Skólaskrifstofu innan þriggja mánaða frá því læknaþríf barst og yfirfarin eftir atvikum. | Aðgerðaáætlun send til Skólaskrifstofu innan þriggja mánaða frá því læknaþríf barst og yfirfarin eftir atvikum. |

TRAS skráningar framkvæmdar í samræmi við verklag og viðmið fyrir öll börn upp allan leikskólann til að halda utan um árangur og þörf fyrir frekari íhlutun.  
\* Starfsfólk leikskóla hvetji alla foreldra (t.d. í foreldravíðtölum) til að fara með börnin sín í 2½ og 4 ára skoðun á heilsugæslu.

|         | 5. bk.  |  | 6. bk.  |   |  |   |
|---------|---|--|---|---|--|---|
|         | Orðarún   | *Raddlestrarpróf   | Orðarún   | LOGOS   | *Raddlestrarpróf   | Orðarún   |
| MIÐSTIG | - lesskilningur<br>- orðaforði  | - lesfimi<br>- umskráning  | - lesskilningur<br>- orðaforði  | - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>- orðaforði<br>(skimun 1, 4, 5)                             | - lesfimi<br>- umskráning  | - lesskilningur<br>- orðaforði  |
|         | September (próf 1) og janúar (próf 2).  | September, janúar og maí.  | September (próf 1) og janúar (próf 2).  | Október / nóvember.   | September, janúar og maí.  | September (próf 1) og janúar (próf 2).  |
|         | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.  |
|         | Umsjónarkennari.  | Umsjónarkennari.   | Umsjónarkennari.  | Sérkennari (réttindi).  | Umsjónarkennari.   | Umsjónarkennari.  |
|         | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: Undir 111 atkvæðum á mínútu.<br>Viðmið 2: 111 - 220 atkvæði á mínútu.<br>Viðmið 3: 221 - 300 atkvæði á mínútu. | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: Upp að 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16. - 30. hundraðsröð.                                       | Viðmið 1: Undir 131 atkvæðum á mínútu.<br>Viðmið 2: 131 - 230 atkvæði á mínútu.<br>Viðmið 3: 230 + atkvæði á mínútu. | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. |
|         | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.   | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.                                | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.   | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.   | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.                            | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum Orðarúnar.   |
|         |   | Heildarniðurstöður septemberprófs sendar Skólaskrifstofu.  |   | Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.  | Heildarniðurstöður septemberprófs sendar Skólaskrifstofu.  |   |
|         |   | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.  |   | Ef yfir 40% nemenda árgangs falli undir viðmið 1 og 2 fer í gang stuðningsferli með aðkomu Skólaskrifstofu. | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.  |   |

\* Hraðaviðmið í samræmi við viðmið í Fluglæsi (Rósa Eggertsdóttir, 1998).

## Grunnþættir:

Í þessu skjali er lýst megináherslum í læsi, en hver skóli útfærir það nánar.

Gengið er út frá því að finna nemendur með lestrarvanda með mismunandi matstækjum og veita viðeigandi íhlutun í framhaldinu, þ.e. greining felur í sér ábyrgð til aðgerða. Mikilvægt er að aðgerðir byggji á niðurstöðum prófa út frá viðmiðum.

Tilgangur með viðmiðum er alltaf sá að allir nemendur fái íhlutun við hæfi. Ábyrgð á íhlutun er í höndum leik- og grunnskóla.

Mikilvægt er að leggja áherslu á samvinnu foreldra og skóla hvað varðar íhlutun. Einnig að Skólaskrifstofan komi að íhlutun þar sem þess er þörf.



Unnið er með læsi út frá fimm grunnþáttum lestrar: (1) hljóðkerfis- og **hljóðavitund**, (2) **lesfimi**, (3) **lesskilningur**, (4) **orðaforði** og (5) hljóðræn **umskráning**.

## Árangursmarkmið (allir nemendur í leik- og grunnskólum bæjarins):

|          |  | Árið 2017 |         | Árið 2020 |         |
|----------|--|-----------|---------|-----------|---------|
| <b>1</b> | 3 ára (Orðaskil): Hlutfall barna sem eru með 520 orða orðaforða eða meira.   | 84%       |         | 90%       |         |
| <b>2</b> | 5 ára (Hljóm-2): Hlutfall barna sem eru með meðalfærni eða hærra á HLJÓM-2   | 84%       |         | 90%       |         |
| <b>3</b> | 6 ára (Ltl): Hlutfall barna sem falla undir áhættuhóp 1 og 2 í hljóðkerfisvitund, stafabekkingu og málskilningi séu ekki fleiri en | 10% (1)   | 12% (2) | 8% (1)    | 10% (2) |
| <b>4</b> | 8 ára (LOGOS): Hlutfall barna sem falla undir 15. hundraðsröð og 30. hundraðsröð séu ekki fleiri en                                | 15% (1)   | 30% (2) | 12% (1)   | 25% (2) |
| <b>5</b> | 11 ára (LOGOS): Hlutfall barna sem falla undir 15. hundraðsröð og 30. hundraðsröð séu ekki fleiri en                               | 15% (1)   | 30% (2) | 12% (1)   | 25% (2) |
| <b>6</b> | 14 ára (LOGOS): Hlutfall barna sem falla undir 15. hundraðsröð og 30. hundraðsröð séu ekki fleiri en                               | 15% (1)   | 30% (2) | 12% (1)   | 25% (2) |

## Áherslur í lestrarkennslu:

|  | Leikskóli   | 1. – 4. bekkur                                 | 5. – 7. bekkur                | 8. – 10. bekkur               |
|--|---|--|-------------------------------|-------------------------------|
| <b>Lesið fyrir börnin</b>                          | Alla daga.  | Alla daga (nestistími).                        | Alla daga (nestistími).       | Minnst einu sinni í viku.     |
| <b>Hljóðkerfisvitund<br/>Bókstafir og hljóð</b>    | Unnið með alla daga frá þriggja ára aldri.                      | Unnið með alla daga í 1.-2. bekk eftir þörfum. |                               |                               |
| <b>Skólalæstur - lesið fyrir kennara eða félag</b> | Alla daga.  | Alla daga.                                     | Alla daga.                    | Minnst einu sinni í viku.     |
| <b>Heimalestur</b>                                 | Lesið heima fyrir börnin alla daga/skoða saman myndabækur.      | Fimm daga vikunnar.                            | Fimm daga vikunnar.           | Fimm daga vikunnar.           |
| <b>Frjáls lestur/<br/>yndislestur</b>              | Alla daga (skoða bækur, hlusta á hljóðbækur).                   | Minnst þrisvar í viku.                         | Minnst tvisvar í viku.        | Minnst einu sinni í viku.     |
| <b>Lestrarátök</b>                                 | Kennt að umgangast bækur. Bókakynningar. Heimsóknir á bókasöfn. | Að lágmarki einu sinni á önn.                  | Að lágmarki einu sinni á önn. | Að lágmarki einu sinni á önn. |
| <b>Vinna með orðaforða/málskilning/lesskilning</b> | Alla daga.  | Alla daga.                                     | Alla daga.                    | Alla daga.                    |
| <b>Áhersla á framsagnarlestur</b>                  |   | Sérstök áhersla í 4. bekk.                     | Sérstök áhersla í 7. bekk.    |                               |

| <b>5;0 ára</b>   |  |    |  | <b>1. bk.</b>  |  |
|--|--|---|--|--|--|
| <b>HLJÓM-2</b>   |  | <b>Verkfæri</b>   |  | <b>Lesskimun LtI.*</b>   |  |
| - hljóðkerfisvitund  |  | <b>Grunnpættir lestrar</b>  |  | - hljóðkerfisvitund<br>- lesskilningur<br>- orðaforði<br>- umskráning  |  |
| Að hausti, ekki síðar en um miðjan október.  |  | <b>Tímasetning og framkvæmd</b>   |  | 25. september - 15. október.   |  |
| Allir í árgangi.   |  | <b>Þátttaka</b>   |  | Allir í árgangi.   |  |
| Sérkennslustjóri og kennarar í sérkennslu.   |  | <b>Fyrirlögn</b>  |  | Umsjónarkennari/<br>sérkennari.  |  |
| Börn sem mælast með „slaka“ eða „mjög slaka“ útkomu samkvæmt stöðlun prófsins fá markvissa þjálfun í hljóðkerfisvitund. Börn sem mælast undir 10. hundraðsröð skal vísað til talmeinafræðings. |  | <b>Viðmið til íhlutunar</b><br><i>Viðmið 1: Víðtæk inngrip</i><br><i>Viðmið 2: Væg inngrip</i><br><i>Viðmið 3: Hvatningaraðgerðir</i> |  | Börn sem falla í áhættuhóp 1 skal vísa í nánari greiningu. Íhlutun út frá stöðu nemanda (samanber Handbók LtI.). |  |
| Einstaklingsnámskrá. Tilvísun til talmeinafræðings.  |  | <b>Aðgerðabinding - skóli</b>   |  | Unnið samkvæmt Handbók <i>Leið til læsis</i> (LtI.).   |  |
| Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu fyrir lok október.   |  | <b>Miðlæg skráning</b>  |  | Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.   |  |
| Ef yfir 30% barna í árgangi falla undir „mjög slaka“ eða „slaka“ færni þá fer í gang stuðningsferli.   |  | <b>Stuðningur og eftirfylgni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar</b>  |  | Niðurstöður kynntar leikskólum varðandi þeirra börn. Hugsanlegar aðgerðir í leikskóla.                           |  |
| * LtI. = Leið til læsis.   |  |   |  |  |  |
| <b>7. bk.</b>  |  |    |  | <b>8. bk.</b>  |  |
| <b>*Raddlestrarpróf</b>  |  | <b>Verkfæri</b>   |  | <b>Orðarún</b>   |  |
| - lesfimi<br>- umskráning  |  | <b>Grunnpættir lestrar</b>  |  | - lesskilningur<br>- orðaforði   |  |
| - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>- orðaforði  |  | <b>Tímasetning og framkvæmd</b>   |  | - umskráning   |  |
| September, janúar og maí.  |  | <b>Þátttaka</b>   |  | September (próf 1) og janúar (próf 2).   |  |
| September.   |  | <b>Fyrirlögn</b>  |  | Allir í árganginum.  |  |
| Allir í árgangi.   |  | <b>Viðmið til íhlutunar</b><br><i>Viðmið 1: Víðtæk inngrip</i><br><i>Viðmið 2: Væg inngrip</i><br><i>Viðmið 3: Hvatningaraðgerðir</i> |  | Allir í árgangi.   |  |
| Umsjónarkennari.   |  | <b>Aðgerðabinding - skóli</b>   |  | Íslensku- /umsjónark.  |  |
| Námsmatsstofnun.   |  | <b>Miðlæg skráning</b>  |  | Íslensku- /umsjónarkennari.  |  |
| Viðmið 1: Undir 151 atkvæðum á mínútu.<br>Viðmið 2: 151 - 300 atkvæði á mínútu.<br>Viðmið 3: 300+ atkvæði á mínútu.  |  | <b>Stuðningur og eftirfylgni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar</b>  |  | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur samkvæmt viðmiðum prófsins skal veitt íhlutun við hæfi.  |  |
| Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15. - 30. hundraðsröð.   |  | <b>Aðgerðabinding - skóli</b>   |  | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum <i>Orðarúnar</i> .  |  |
| Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.  |  | <b>Miðlæg skráning</b>  |  | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.                        |  |
| Heildarniðurstöður septemberprófs sendar Skólaskrifstofu.  |  | <b>Stuðningur og eftirfylgni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar</b>  |  | Heildarniðurstöður septemberprófs sendar Skólaskrifstofu.  |  |
| Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.  |  | <b>Stuðningur og eftirfylgni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar</b>  |  | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.  |  |
| Farið yfir niðurstöður einstakra flokka og metnar nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.  |  | <b>Stuðningur og eftirfylgni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar</b>  |  | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.  |  |

## Prófanir og úrvinnsla þeirra

Hver skóli setur sér eigin markmið fyrir hvert skólaár til ársins 2020 um þann árangur sem skólinn stefnir að í hverri prófun og grunnskólarnir setja sér sérstaklega markmið varðandi árangur í samræmdum könnunarprófum.

Skila skal niðurstöðum úr miðlægum prófunum innan tveggja vikna frá lokafresti hvernar prófunar eins og skilgreint er í þessu skjali. Skólaskrifstofan leggur skólum til form fyrir skil á niðurstöðum.

Prófanir skulu lagðar fyrir alla nemendur árángs/hóps eftir því sem tilgreint er í þessu skjali. Skili skóli ekki niðurstöðu fyrir einhverja nemendur sem eiga að fara í próf fá þeir nemendur sjálfkrafa lægstu niðurstöðu í úrvinnslu Skólaskrifstofu. Tví-/fjöltungd börn sem dvalið hafa í eitt ár eða lengur á Íslandi fara í gegnum sömu próf og skimanir og önnur börn. Niðurstöður einstakra nemenda skulu kynntar foreldrum/nemendum innan mánaðar frá því að niðurstöður liggja fyrir innan skóla.

Skólastjórar eru ábyrgir fyrir að niðurstöður berist innan tímaramma til Skólaskrifstofu.

Skólaskrifstofan skal hafa niðurstöður úr sameiginlegum prófunum tilbúna til birtingar tveimur vikum eftir skil frá skólum. Allar heildarniðurstöður úr prófunum skulu vera tilbúna innan mánaðar frá lokum prófanna.

Innan Skólaskrifstofu ber ákveðinn aðili ábyrgð á úrvinnslu einstakra prófana fyrir bæinn í heild og samanburð milli skóla.

Allar niðurstöður læsisprófa skal birta eftir skólum en í öllum tilvikum skulu þær vera ópersónugreinanlegar og vera í samræmi við lög um varðveislu og birtingu (trúnaðar)gagna í opinberri stjórnsýslu og persónuvernd. Þegar niðurstöður eru kynntar er ferlið eftirfarandi:

- a. Fræðslustjóri og starfsfólk Skólaskrifstofu.
- b. Skólastjóri og starfsfólk skóla.
- c. Fræðsluráð.
- d. Almennigur.

## Íhlutanir og eftirfylgni þeirra

Öll íhlutun í kjölfar prófana er á ábyrgð skóla og út frá þeim björgum sem skóli hefur yfir að ráða. Hér getur því þurft að færa til og forgangsraða upp á nýtt í kjölfar niðurstaðna, t.d. sérkennslutímum, verkefnaröðun o.fl.

Mikilvægt er að stjórnendur séu með mikla eftirfylgd í læsisverkefninu, styðji og hvetji kennara og fylgist með því að aðgerðir í kjölfar prófa séu framkvæmdar og ná fram að ganga. Skólastjóri er faglega ábyrgur fyrir framkvæmd læsisverkefnis í hverjum skóla.

## Aðkoma Skólaskrifstofu

### Aðkoma Skólaskrifstofu að prófunum/íhlutunum er margþætt:

- a) að leggja til verkferla, form og ráðgjöf við próf og íhlutun,
- b) aðstoða við prófanir í skólum við sérstakar aðstæður,
- c) standa fyrir námskeiðahaldi,
- d) vinna heildarniðurstöður prófana og birta samanburð einstakra skóla með kynningu á þeim,
- e) fylgja eftir að íhlutun fari fram innan skóla,
- f) vinna sérstaklega með skólum þar sem niðurstöður gefa til kynna mikinn vanda,
- g) grípa inn í verkferla einstakra skóla sé prófa-/íhlutunarferlum ekki fylgt
- h) og veita ráðgjöf við íhlutun í skólum sé þess þörf.

|  | 2. bk.   | 3. bk.   |   |   | 4. bk.   |   |  |
|--|--|--|---|---|--|---|--|
| <b>Eftirf.próf Ltl.*</b>   | <b>Eftirf.próf Ltl.*</b>   | <b>Eftirf.próf Ltl.*</b>   | <b>Orðarún</b>  | <b>LOGOS</b>  | <b>Eftirf. Ltl.*</b>   | <b>Orðarún</b>  | <b>Samræmt k.próf</b>  |
| - lesfimi<br>- umskráning  | - lesfimi<br>- umskráning  | - lesfimi<br>- umskráning  | - lesskilningur<br>- orðaforði  | - lesfimi<br>- lesskilningur<br>- umskráning<br>(Skimun 1, 4, 5)                        | - lesfimi<br>- umskráning  | - lesskilningur<br>- orðaforði  | - hljóðkerfisvitund<br>- lesskilningur<br>- orðaforði<br>- umskráning          |
| Janúar og maí.   | Janúar og maí.   | Janúar og maí.   | September (próf 1)<br>og janúar (próf 2).   | Janúar - febrúar.   | Janúar og maí.   | September (próf 1)<br>og jan. (próf 2).   | September.   |
| Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.   | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.   |
| Umsjónarkennari.   | Umsjónarkennari.   | Umsjónarkennari.   | Umsjónarkennari.  | Sérkenn. (réttindi)   | Umsjónark.   | Umsjónarkennari.  | Námsmatsstofnun.   |
| Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15. - 30. hundraðsröð.                   | Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15. - 30. hundraðsröð. | Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15. - 30. hundraðsröð. | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. stöðlu- un prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: Upp að 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16. - 30. hundraðsröð.                   | Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15. - 30. hundraðsröð. | Ef barn fellur undir „slakan“ eða „mjög slakan“ árangur skv. stöðlu- un prófsins skal veitt íhlutun við hæfi. | Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15. - 30. hundraðsröð.           |
| Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.                            | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.          | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.          | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum <i>Orðarúnar</i> .   | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.                             | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.          | Íhlutun: Samkvæmt viðmiðum <i>Orðarúnar</i> .   | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.                    |
| Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.   |  |  |   | Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.  |  |   | Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.                                     |
| Ef yfir 40% nemenda falla undir viðmið 1 og 2 í janúarprófi fer í gang stuðningsferli. |  |  |   | Ef yfir 40% nemenda árgangs falla undir viðmið 1 og viðmið 2 fer í gang stuðningsferli. |  |   | Farið yfir niðurstöður einstakra flokka og metnar nauðsynlegar úrbótaáðgerðir. |

\* Eftirf.próf = Eftirfylgniþróf Leið til læsis

YNGSTA STIG

| 9. bk.  |   | 10. bk.   |   |
|---|---|---|---|
| <b>LOGOS</b>  | <b>*Raddlestrarpróf</b>   | <b>*Raddlestrarpróf</b>   | <b>Samræmt könnunarpróf</b>   |
| - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningur<br>- orðaforði<br>(Skimun 1 samkvæmt 8. bk. viðmiði)           | - lesfimi<br>- umskráning   | - lesfimi<br>- umskráning   | - umskráning<br>- lesfimi<br>- lesskilningu<br>- orðaforði                                |
| September - otkóber.  | September, janúar og maí.   | September, janúar og maí.   | September.  |
| Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.  | Allir í árgangi.  |
| Sérkennari (réttindi).  | Íslensku- /umsjónarkennari.   | Íslensku- /umsjónarkennari.   | Námsmatsstofnun.  |
| Viðmið 1: Uppað 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 16.- 30. hundraðsröð.   | Viðmið 1: Undir 180 atkvæðum á mínútu.<br>Viðmið 2: 181 - 300 atkvæði á mínútu.<br>Viðmið 3: 300+ atkvæði á mínútu. | Viðmið 1: Undir 180 atkvæðum á mínútu.<br>Viðmið 2: 181 - 300 atkvæði á mínútu.<br>Viðmið 3: 300+ atkvæði á mínútu. | Viðmið 1: Undir 15. hundraðsröð.<br>Viðmið 2: 15.- 30. hundraðsröð.                       |
| Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.                   | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.                           | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun.                           | Íhlutun 1: Einstaklingsnámskrá.<br>Íhlutun 2: Sér námsefni.<br>Íhlutun 3: Stöðug þjálfun. |
| Heildarniðurstöður sendar Skólaskrifstofu.  | Heildarniðurstöður septemberprófs sendar Skólaskrifstofu.   | Heildarniðurstöður septemberprófs sendar Skólaskrifstofu.   |   |
| Ef yfir 40% nemenda árgangs falla undir viðmið 1 og 2 fer í gang stuðningsferli með aðkomu Skólaskrifstofu. | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.   | Niðurstöður teknar saman og kynntar skólanum.   |   |

\* Hraðaviðmið í samræmi við viðmið í Fluglæsi (Rósa Eggertsdóttir, 1998).

ELSTA STIG - UNGLINGASTIG